

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 24. nóvember 2015 á Kjóavöllum.

14. fundur

Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Hermann Vilmundarson, Kristín Njálisdóttir, Ólafur Blöndal, Ragna Emilsdóttir, Lárus Finnbogason og Magnús Benediktsson framkv.stj. Sigurður Tyrfingsson boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Linda fór yfir undirbúning vegna aðalfundar sem haldinn er á morgun og kynnti skýrslu á glæruformi. Farið yfir efnisatriði skýrslunnar og innihald.
3. Lárus fór yfir reikninga félagsins. Reikningarnir hafa þegar verið undirritaðir af félagslegum skoðunarmönnum þeirra. Reikningar samþykktir samhljóða og skýrsla stjórnar undirrituð af stjórnarmönnum.
4. Listi yfir þá félagsmenn sem hljóta viðurkenningar að þessu sinni á aðalfundi lagður fram í heild sinni og samþykktur samhljóða. Einnig farið yfir tilnefningar Sprettis á íþróttamönnum til Kópavogsbæjar og Garðabæjar sem kynntar verða á aðalfundi.
5. Önnur mál:
 - Linda fráfarandi formaður stjórnar þakkaði stjórnarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á sl. tæpum tveimur árum. Mikið hefur gerst í Spretti á þessum tíma og ekki hægt annað en að vera sátt við árangur félagsins á flestum ef ekki öllum sviðum. Lárus fráfarandi gjaldkeri stjórnar þakkaði einnig gott og ánægjulegt samstarf á annasömu tímabili í starfi félagsins. Hann tók fram að þau markmið stjórnar að ná tókum á fjármálum félagsins hefðu náðst að miklu leyti, tekjur aukist verulega sem leiðir til þess að rekstur félagsins skilar hagnaði að þessu sinni. Þessi árangur er mjög svo ánægjulegur. Stjórnarmenn allir tóku undir orð Lindu og Lárusar og þökkuðu samstarfið – þessi stjórn hefur átt því láni að fagna að starfa saman í góðri sátt og þó mikið hafi verið að gera og ýmislegt gengið á þá hefur samstarfið ávalt verið gott og ekki síður verið mjög skemmtilegt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:00

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir